

Drög að stefnuskrá um Neyðarathvarf fyrir konur/ Kvennaathvarf.

*Hopur um Neyðarathvarf stofnunar á Hallveigavöðum  
25. nóv. 1987*

Kvennaathvörf hafa verið starfrækt víða, t.d. á Norður-  
löndunum, Bretlandi og í U.S.A., og hefur það sýnt sig að brýn  
þörf hefur verið á þeim.

Hugtakið kvennaathvarf/Neyðarathvarf, má skilgreina sem stað  
fyrir konur sem beittar hafa verið ofbeldi, líkamlegu og/eða and-  
legu. Jafnframt sem þær geta fengið hjálp, stuðning, ráðgjöf og  
húsaskjól þegar þeim er hættu búin. Reynslan sýnir að slíkur  
staður er geysilega mikilvægur konum sem verða fyrir ofbeldi.  
Það álag og sú niðurlæging sem slíkt veldur er oft svo yfir-  
þyrmandi að kvennaathvarf getur verið eina lausnin til að byggja  
upp sjálfsvirðinguna og endurvekja lífslöngunina.

Samtök um Kvennaframboð telja að markmið kvennaathvarfs sé:

1. Að veita skyndihjálp fyrir konur sem er hættu búin.
2. Að gera sýnilegt það ofbeldi sem konur eru beittar í þjóðfél-  
aginu í dag, ekki minnst í þeim tilgangi að fórnarlömbin geri sér  
grein fyrir að þær eru alls ekki einar, og að ofbeldi gagnvart  
konum sé ekkert einkamál.
3. Gera opinbera aðila meira vakandi fyrir þessu alþjóðlega vanda-  
máli sem alltaf hefur verið pagað yfir, í þeim tilgangi að gera  
úrbætur og fyrirbyggjandi ráðstafanir.

Samtök um Kvennaframboð álíta að varast beri að athvarfið  
fái á sig stofnanasvip. Æskilegt er að þarna starfi konur sem  
m.a. geta veitt ráðgjöf varðandi lagalegu hliðina og konur sem  
geta miðlað af reynslu sinni.

Vanda ber val húsnæðis. Það skal vera stórt, hlýlegt og bjart.  
Gengið skal út frá því að stór hluti þeirra kvenna sem athvarfið  
sækja séu mæður ungra barna og skal húsnæðið einnig miðað við  
þarfir þeirra.

Samtök um kvennaframboð telja eðlilegt að athvarfið verði  
staðsett á Stór-Reykjavíkursvæðinu og skulu opinberir aðilar  
standa straum af rekstri þess.

## Um Starfshópin.

Starfshópur kvennaframboðs um neyðarathvarf fyrir konur hefur verið starfandi frá áramótum. Starfsemi hópsins hefur verið vandkvæðum bundin sökum fámennis, auk þess sem hópurinn komst snemma að þeirri niðurstöðu að ef ætti að starfa virkt að því að koma á slíkri starfsemi sem hér um ræðir, væri ekki rétt að hópurinn tengdist Kvennaframboðinu. Rökstuðningur hópsins (þ.e.a.s. "hópurinn var 6 manns þegar best mæting var") er sá að þetta sé málefni sem höfði til allra karla og kvenna óháð persónulegum eða pólitískum skoðunum, auk þess sem hópurinn telur að það kunni að fæla frá þær konur sem á slíku úrræði þurfa að halda.

Til umræðu í hópunum:

Er rétt að leggja starfshópin sem slíkan niður innan Kvennaframboðs? Ef ekki, hver ættu þá að vera verkefni hans?